



Reykjavík 04.02.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 3. febrúar 2021 varðandi eftirfarandi mál.


Skúlagötusvæði

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, samþykkt 13. maí 1986. Frá samþykkt hafa verið gerðar allnokkrar breytingar en sú nýjasta tók gildi þann 27. apríl 2020. Í breytingunni felst breyting á skipulagsmörkum á austurenda svæðisins, nánar tiltekið deiliskipulagsmörk við Snorrabraut, vegna breytinga á aðliggjandi deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni. Þar stendur til að færa gatnamót Snorrabrautar ásamt borgarlandi inn í þá skipulagsáætlun, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 25. janúar 2021. Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að auglýsa tillöguna.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 25. janúar 2021.




REYKJAVÍKURBORG

Skúlagötusvæði


Breyting á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis

Breytt afmörkun við Snorrabraut



Hluti gildandi deiliskipulags dags. 13.05.1986 ásamt breytingu vegna Skúlagötu 21 samþykkt 27.07.2005.

1:1000



Deiliskipulagstillaga

1:1000

GREINARGERÐ

Lögð er fram breytingartillaga á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, samþykkt 13.05.1986. Frá gildistöku hafa verið gerðar allnokrar breytingar, síðast þann 27.04.2020. Síðasta breyting á austurenda svæðisins, sem þessi breyting nær til, var vegna Skúlagötu 21 og var samþykkt 27.07.2005.

Breytingin nú er lögð fram vegna breytinga á aðliggjandi deiliskipulagi fyrir Hlemm og nágrenni. Þar stendur til að færa gatnamót Snorrabrautar ásamt borgarlandi inn í þá skipulagsáætlun. Breyta þarf þessu deiliskipulagi svo ekki sé skörun á skipulagsmörkum á milli deiliskipulagssvæða.

Þessi breyting felst eingöngu í breyttum skipulagsmörkum á austurenda svæðisins, nánartiltekið deiliskipulagsmörk við Snorrabraut.

Í dag liggja skipulagsmörkin í austur eftir miðlinu Snorrabrautar. Breytingin felur í sér að mörkin eru færð að austurhlíð lóðamarka Hverfisgötu nr. 105, Snorrabraut nr. 21 og Snorrabraut nr. 42-46.

Eftir breytingu verður afmörkun svæðisins svohljóðandi:

Í norður fylgja mörkin strandlínu, í austur meðfram lóðarmörkum Snorrabrautar nr. 21, nr. 42-46 og Hverfisgötu nr. 105, í suður eftir miðlinu Hverfisgötu og í vestur eftir miðlinu Ingólfrstrætis að sjávarmáli.


Svæðið sem skorið er frá með þessari breytingu verður hluti af aðliggjandi deiliskipulagi, *Deiliskipulag stgr. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag*.

Breytingin nær aðeins til götusvæða og borgarlands.

Aðrir skilmálar eru óbreyttir.



Skýringarmynd: Yfirlit yfir uppdráttinn frá 1986.



Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk fyrir breytingu
- - - Ný skipulagsmörk
- Nýbyggingar
- Endurbýggingarréttur
- Óbreytt
- Óbreytt, með fyrirvara um byggingarframkvæmdir við Þjóðleikhús
- Götur
- Gangstígar
- Sjór
- Opín svæði
- Grenndarvöllur, hugsanleg staðsetning dagvistar- og skólalóða

Norðurpíla

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

þann _____ 20__ og í

_____ þann

_____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__
með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.



YRKI ARKITEKTAR

Myrargötu 26, 101 Reykjavík
Sími: +354 552 6629
Kt: 560997-3109
www.yrki.is
yrki@yrki.is

Asdis H. Ágústsdóttir Arkitekt FAI

Sólveig Berg Arkitekt FAI

VERKAUPI	VERK
Reykjavíkurborg	HLEMMUR
DAGSETNING	VERK NR.
25.01.2021	V314
TEIKNING	TEIKNING NR.
D01	1 af 1
ÚTGEFID AF	ÚTGÁFA
GÁ	